

Sjö hjörtu kynna

SAUTJÁN SONNETTUR UM

HEIMSPEKI

HJARTANS

Flytjendur:

Bergþór Pálsson barítón

Garðar Cortes tenór

Selma Guðmundsdóttir píanó

Júlía Mogensen selló

Jón Elvar Hafsteinsson strengir

Pétur Grétarsson slagverk

Sigurður Flosason saxófónn

eftir Kristján Hreinsson

Tónlist: Þorvaldur Gylfason

Útsetningar: Þórir Baldursson

Myndverk: Vignir Jóhannsson

Menningarnótt í Hörpu

24. ágúst 2013

Konsert í Kaldalóni

Frumflutningur að hluta

LEIBNIZSONNETTAN


- Af fræknum herrum mestum gáfum gæddur var Gottfried Wilhelm Leibniz, heimspekingur, svo guðdómlega vitur, vænn og slyngur, sem viskubrunnur Drottins holdi klæddur.
- Hann sköpun máttugs Guðs á rökum reisti. Í rétttri heimsmynd engu mátti skeika. Með fullkomnun hins virka veruleika á verundir og mónöður hann treysti.
- Í hverri eind gat mikill máttur lifað og mengi alls hlaut fjölbreytni að skarta er náttúrunnar höfund Leibniz hafði í hendi sér og fékk hans öflum bifað, því veröldinni gaf hann hug og hjarta í heimi sem hann örmum sínum vafði.



Gottfried Wilhelm Leibniz
(1646-1716)

SCHOPENHAUERSONNETTAN


- Hann Schopenhauer fann hið beiska böll er brölti hann um rústir gæsku sinnar, í hugskot fór hans einsemd stöðugt innar, hann átti þannig fárra kosta völl.
- Hann lék við hatur, illsku, feigð og fár var föðurlaus og kalt var móður hjartað, hann fékk í hugarþeli þrautum skartað er þjóð hans eftir hildarleik var sár.
- Hann trúði einna helst á viljans vald en víst hlaut tónlist afar hlýja dóma. Hans líf var martröð eða einsog kóma er innbyggð löngun hafði tangarhald.
- Hann lét sig dreyma heimsins fagurfræði og fékk að lokum skynjað kyrrð og næði.



Arthur Schopenhauer
(1788-1860)

GANDÍSONNETTAN


- Er opið ginið litla ljónið sýndi með lymsku þótti Bretum tryggður gróði, þeir höfðu náð að ata Indland blóði, þá óhlýðni var vopn sem Gandí brýndi.
- Já, víst er það að hefndin heiminn blindar og hörmungar í valdagræðgi búa. Hin mikla sál að veröld vildi hlúa og vernda gæsku hugans tæru lindar.
- Hann vildi stríð með fögrum friði heyja, var fyrir þessa iðju mikils virtur, og svo var hann af illum manni myrtur en minning hans mun aldrei fá að deyja.
- Hann Gandí tók mót friði fyrsta skrefið, hann færði mönnum allt sem hann gat gefið.



Mohandas Gandhi
(1869-1948)

ÁSTARDRAUMASONNETTAN

- Hver fögur sál fær alið ástardraum sem undirvitund kemur svo til skila í glaðværð þegar bestu taugar bila og buguð hjörtu verða sár og aum.
- Og ástin stendur vörð um von og þrá, hún veitir fólki styrk í lífsins raunum. Það hljóta allir dug og dáð að launum sem drauma sína stöðugt hlusta á.
- Um leið að mýkt og hlýju höndin veit og hjartað sínar bestu kenndir skynjar er hugurinn sig fyrir böli brynjar og bíður þess að vakni ástin heit.
- Af hreinni ást mun nærast sérhver sál sem sér og skilur draumsins leyndarmál.




Franz Liszt (1811-1886)



Johann Ludvig Heiberg
(1791-1860)

LAO-TSESONNETTAN


- Hann Lao-Tse var heimspekinni hollur hjá honum spruttu tré með fögrum orðum og hann gat séð að trúin var sá tollur sem tekinn var af skynseminni forðum.
- Í veröld okkar siðareglur sanna að sumir ganga alltaf réttu megin og gullvæg fyrir meginþorra manna er merkingin í Bókinni um veginn.
- Hér óréttlæti mannkyn sagt er mæða því margur þráir arðinn sinn að tryggja, en aðeins þeir á gæðum heimsins græða sem gefa allt sem sælir vilja þiggja.
- Og hér skal nefnt, að töfraheimur Tao er til hjá báðum; Adam Smith og Mao.



Lao-Tse (604-531 f.kr.)

SÁLARGRÓSKUSONNETTAN

- Sem rætur trjáanna vinnur minni mitt, í moldu hugans leitar öllum stundum og undir sálarinnar grónu grundum þar geymir viskan dýrmætt skartið sitt.
- Þar eru sálarfræ í grósku geymd, já, grafin vel í þekkingu svo virkri, og hulin reynslu; djúpt í moldar myrkri í minni liggur fortíð týnd og gleymd.
- Og þar má finna bæði draum og duld og dæmin öll sem mér var sagt að læra og fallin blöð sem afl mitt endurnæra og eflaust má þar finna gleymda skuld.
- Ég sjálfan mig svo oft um græsku gruna ef gleymist það sem mér finnst slæmt að muna.



CARTESIUSARSONNETTAN

- Vor hugsun eflaust virkjar veruleika er vísindi á rúmmálsfræðum byggja. En verði fólkioð tilvist Guðs að tryggja við telja hljótum stöðu mannsins veika.
- Á líkama og sál er sagður munur þótt síst þar verði niðurstaða fengin og kannski verður ábyrgð manna engin ef aldrei fer um hugann minnsti grunur.
- Á franskri grund á valdi visku sinnar hann vann er féllu pyrrhonískir dómar, hann þóttist gera sköpun heimsins skil og skrifaði um Lögmál heimspekinnar. Já, Cartesíus - enn þín hending hljómar:
– Ég hugsa og það merkir – ég er til.



René Descartes
(1596-1650)

UNADSREITASONNETTAN


- Um náttúruna fer sú hlýja hönd og hlífir hverri ögn sem þar má finna, á meðan ánamaðkar verk sín vinna fær vonglöð lilja slitið klakabönd.
- Og sniglahjörð um foldu fer á ról og flugur undir þili heyrast suða, já, skordýrin þau virðast vilja puða sem viti þau að núna hækkar sól.
- Í hverri þúfu veröld vaknað fær og vorlaukarnir lífsins tilgang skynja. Í skjóli trjáanna brotnar klakabrynja og birkihríslan alsæl skellihlær.
- Í garðinum svo indæll ástarblossi fær upprisu frá ljúfum sólarkossi.



STJÓRNARSKRÁRSONNETTAN



- Ef áfram siglir þjóðin þöndum seglum þá þykir voldug stjórnarskrá við hæfi og vernda skal hún landsmenn alla ævi svo ávallt fari þeir að settum reglum.
- Og sanngirni skal afl það öllum tryggja sem er í stjórnarskránni fest og varið, við spurnum sínum finnur fólkið svarið, já, flestir þeir sem landið okkar byggja.
- Þar mannréttindum vel og hátt skal haldið svo hirði menn um friðhelgi og næði og þar skal lista upp hin ýmsu gæði; þær auðlindir sem deilum geta valdið.
- Menntu hér á sterkum grunni standa ef stjórnarskráin leysir okkar vanda.




LÓTUSBLÓMASONNETTAN

- Í kyrrð og fegurð vaggar blómið bleika sem blessun allra guða fær að hljóta á tærri lind er gárur gleði njóta og gola má um stund við frjókorn leika.
- Ég ligg með þér í faðmi blómsins blíða er blámi nætur hörund okkar snertir og jurtin ljúfa hugans yndi ertir er ástin fær um töfraheim að líða.
- Er kærleiksblómið sendir yl og angan og unun finnur skjól í sál og hjarta þá sælutárum bleiku blöðin skarta og blíður þytur setur koss á vangann.
- Hið sæta hunang votar varir strýkur og vekur sælustund sem aldrei lýkur.



MARXSONNETTAN

- Af Karli Marx er sögð sú fagra saga að sósíalisminn hafi strax í æsku með festu náð að glæða hugans gæsku sem gladdi hann svo alla lífsins daga.
- Hér ungur hélt hann reisu sem róttæklingur en réttlætisins leið þá virtist erfið, þá þráði hann að brjóta bannsett kerfið með baráttu og lék við hvurn sinn fingur.
- Hann hélt á lofti fólksins skýru skyldum og skurðgoð sögulegrar efnishyggju hann dró að landi, einsog bát að bryggju og barðist fyrir sósíalískum gildum.
- Við kapítalsins lof og leyndu galla hann losa vildi heimsbyggðina alla.



Karl Marx (1818-1883)


LÍFSBÓKARSONNETTAN

- Sú mikla gæfa hlotnast okkur öllum að eiga þátt í lífsins bókarstruddu og þeim sem okkur vænsta veginn studdu við viljum þakka áður en við föllum.
- Og bókin er í fyrstu full af eyðum en fólk á síður hennar lífshlaup skráir og hver og einn í sínum þrautum þráir að þræða veginn eftir bestu leiðum.
- Við fótmál hvert er ættarstofninn stækkar í stóra bók er skráður okkar þáttur. Og jafnvel þó að ýmsir áttum tapi er ævidögum þeirra stöðugt fækkar þá virðist ljóst að minninganna máttur hjá mönnum bara eykst að sama skapi.



SÓKRATESARSONNETTAN

- Hann sagðist vita fátt um flesta þætti og fannst sem rökrétt hugsun mætti byrja á gagnrýni. Hann vildi spá og spyrja því speki sína helst hann þannig bætti.
- Hann sýndi mönnum: dygðir, dáð og gæsku þótt dómharka sem kaldur vindur blési og fæstir miskunn sýndu Sókratesi er sagður var hann spilla grískri æsku.
- Og fyrir visku hann til dauða dæmdur þá drykk með eitri þurfti víst að sötra en hræddist ekki banvænt lausnarlyfið því lífsins tign hann var um eilífð sæmdur. Með dauða sálin laus við fár og fjötra gat frjáls að tindum heimspekinnar svifið.



Sókrates (469-399 f.kr.)

MANDELASONNETTAN


- Hin svarta perla skín sem skartið mesta og skuggar munu aldrei ljósið deyfa því birtu lífsins mun mót myrkri dreifa það mikla þrek sem ekki kann að bresta.
- Þeir gátu margir virkjað vonda strauma í veröld þar sem hvítir níddu svarta á meðan Nelson beið með hógvært hjarta og hugurinn gat magnað fagra drauma.
- Í áratugi þrjá með heimsins hlekki og hendur bundnar var hann einn í klefa og harðstjórum hann fékk að fyrirgefa því frelsi hugans skerðir tíminn ekki.
- Nú einlægt ljósið svarta perlan sendir og sálum heimsins veitir unaðskenndir.



Nelson Mandela (1918)

KIRKJUGARÐSSONNETTAN


- Hann Søren Kierkegaard var maður merkur og mögnuð sál í amstri sérhvers dags – í heimspekinni trúin var til taks – og töframáttur skáldskaparins sterkur.
- Hann stundaði þann takt í áratugi að tefja vel við sína miklu list, hann tilbað Guð og átti orð við Krist og allt var gert með miklu hugarflugi.
- Þá skrifaði hann rit um Ugg og ótta, við Endurtekningu hann fékk að kjást hann þráði von og heimsins heitu ást með hugsun sinni var hann þó á flóttu.
- Hann sá með eynd í harmi hefðar sinnar hvert hjónaband sem grafreit ástarinnar.



Søren Kierkegaard
(1813-1855)

KASTRÓSONNETTAN


- Í eina tíð var Kastró mikill kappi sem Kennedy þó taldi skúrsk hinn mesta því Kanaveldið fordæmdi þá flesta sem fundu leið frá auðhyggjunnar stappi.
- Já, sjálfsagt var hann Kastró kommúnisti sem kapítalsins herrum vildi sýna að peningarnir vopn með böli brýna og beiskja vex af frjálshyggjunnar kvisti.
- Hann átti fyrir vini vopnabræður í Varsjárbandalagi forðum daga er veröld hans var ljúf sem lygasaga og langar voru kappans mörgu ræður.
- Já, áhyggjunum burtu Fidel feykti, hann fékk sér vindil, lagði sig og reykti.



Fidel Castro (1926)

NIETZSCHESONNETTAN

- Hann Friedrich Nietzsche gekk af Guði dauðum er glatað siðvit brann í augum þræla, hann fann að sérhvert orð var algjör þvæla er óð í trúarvillu hjörð af sauðum.
- Með trúnni dó það fár sem fylgdi henni. En falskri hugsun Nietzsche granda vildi; hann dró í efa öll hin gömlu gildi en gróðursetti jarðneskt ofurmenni.
- Er truflun hugans áköf óx úr grasi og andinn féll á tómhyggjunnar bragði, þá þegnum Jarðar Zarabústra sagði að sýna bæri jáyrði í fasi.
- Um hríð hann Nietzsche sat við sálarþilið og sagði margt sem enginn getur skilið.



Friedrich Nietzsche
(1844-1900)